

136

30. júní

11. gr.  
Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til 5 ára. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá 300 kr., og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki  $\frac{2}{3}$  félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í þeim eina tilgangi, og skal ekki líða skemmra milli funda en mánaðartími.

#### Bráðabirgðaákvæði.

Meðan samningar hafa ekki verið gerðir við umráðamenn árinna neðan fossanna (þ. e. þar sem áin nú er laxgeng) er sá hluti árinna ekki talinn til félagssvæðisins, þrátt fyrir orðalag upphafs 3. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

137

30. júní

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Herdísar Jónsdóttur og foreldra hennar, Klöpp á Akranesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. júní 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Herdísar Jónsdóttur og foreldra hennar, Klöpp á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Herdísar Jónsdóttur og foreldra hennar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2443.12 — tvö þúsund fjögur hundruð fjörutíu og þrjár krónur og tólf aurar — ánafnað Sjúkrahúsi Akraness af móður Herdísar, Valgerði Helgadóttur, og nú til varðveislu í Sparisjóði Akraness.

3. gr.

Sjóður þessi ávaxtast í B-deild Söfnunarsjóðs Íslands. Leggja skal alla vextina við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10 000 — tíu þúsund krónur —, þá

má fara að verja allt að  $\frac{1}{2}$  vaxtanna til nauðsynlegra áhaldakaupa handa Sjúkra- **137**  
húsi Akraness, eftir því sem stjórnin ákveður. Árið 1964 má taka það fé, sem þá **30. júní**  
kann að vera fram yfir kr. 10 000 — tíu þúsund krónur — og verja því til sömu  
nota, en annars má aldrei skerða höfuðstólinn. Sjóðurinn tekur við gjöfum.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Héraðslæknir, sóknarprestur og yfirlæknir Sjúkrahúss Akraness. Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðir eru ársreikningar hans og áhaldakaup þegar þar að kemur. Skal ársreikningur samþykktur af tveim endurskoðendum, skipuðum af stjórn Sjúkrahúss Akraness. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 5. gr.

Á skipulagsskrá þessari, sem samin er af undirritaðri stjórn sjóðsins, í samræmi við fyrirmæli gefanda, skal leitað samþykkis forseta Íslands og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Akranesi, 9. júní 1952.

Árni Árnason. Jón M. Guðjónsson. Haukur Kristjánsson.

## S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um ýmis atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmanna- **138**  
eyjum, frá 16. júlí 1895. **30. júní**

## 1. gr.

1. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Lundi skal algerlega friðaður á heimalandi, þar með taldir Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum allan ársins hring, nema frá og með 1. júlí til og með 10. ágúst. Háfa má nota til veiða, en engin önnur veiðarfæri.

## 2. gr.

Með þessari breytingu falli niður samþykkt frá 13. júlí 1937, um breytingu á samþykkt um ýmis atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur gert samkv. lögum nr. 13 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22 9. júlí 1909, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*